

landssjóði, svo að upprætt verði með öllu hjá nefndinni sú ranga skoðun, að slíkt standi í stjórnarinnar valdi. 159
26. júl.

Útaf þessu skal jeg nú skora á yður, herra amtmaður, að kunngjöra sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu það, er hjer segir:

Samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi úr landssjóði, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáráukalögum, en af þessari ákvörðun leiðir beint, að stjórnin hefir enga heimild til, að veita neina gjöf úr landssjóði, til að afstýra hallæri, án samþykkis fjárveitingar-valdsins. Þar sem jeg því í brjefi mínu 26. f. m. hefi látið í ljósi, að landsstjórnin væri fús á með láni úr viðlagasjóði að veita alla þá hjálp, er í valdi hennar stöði, til að koma í veg fyrir hallæri í ýmsum landshlutum, og þar sem jeg þar að auki, um leið og jeg tók fram reglur þær, er jeg áleit mjer skylt að fylgja við þessleidis lán af viðlagasjóði, bætti því við, að jeg hefði lagt það til við ráðgjafann, «að sakir hallærisháska þess, er vofir yfir ýmsum hlutum landsins á komanda vetri, verði sjerstaklegar ráðstafanir gjörðar um hjálp þá, sem nauðsyn verði álitid að veita sýslufjelögnum úr landssjóði,» — þá verður þetta á engan hátt svo skilið, eins og sýslunefndin þó virðist að hafa tekið það, sem jeg hefði lagt það til við ráðgjafann, að veita hjálp, er stríðir á móti fyrirmælum stjórnarskrárinnar, eða sem þess væri að vænta, að ráðgjafinn mundi veita nokkra slika hjálp. Jeg lagði það til við ráðgjafann, að við lánveitingar af viðlagasjóði til sýslunefndanna, til að afstýra hallæri í vetur komanda, yrði leyft að víkja frá þeim reglum, sem annars er fylgt um þessleidis lán, einkum að því er snertir endurgreiðslu- og vaxtagreiðslu- kjörin; og undir eins og jeg fæ úrskurð ráðgjafans um þetta, skal jeg gefa yður, herra amtmaður, nauðsynlega vitneskju um það. — Enda þótt nú stjórnin geti ekki lengra gengið í þessu máli samkvæmt stjórnarskránni, er þó engan veginn loku fyrir það skotið, að fjárveitingarvald landsins geti síðar í fjáráukalögum fyrir árið 1882 veitt linun nokkra á vaxtagreiðslu og endurborgun umræddra lána.

En með því að það samkvæmt 39. gr. 9. tölul. í tilsk. 4. maí 1872 er skylda sýslunefndarinnar að gjöra ráðstafanir til að afstýra hallæri í sýslunni, og með því að enginn efi leikur á, að þetta má gjöra á þann hátt, er amtsráðið samkvæmt brjefi mínu frá 26. f. m. hefir bent á, og með því loks að þetta er sá eini vegur, er nú sem stendur er fær, til að koma í veg fyrir hallæri það, er menn þykjast fyrir sjá í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þá gjörir sýslunefndin sig, ef lýsing hennar á ástandinu í sýslunni er rjett, seka í vanrækt á skyldu sinni með því, að skorast undan að fylgja þessum vegi, og sækja í þess stað til stjórnarinnar um gefins fjárstyrk af landssjóði, sem sýslunefndin hlýtur að geta sjeð, að stjórnin getur eigi veitt samkvæmt stjórnarskránni, og heyrir sú skylduvarrækt hennar undir ákvörðunina í 52. gr. 1. í tilsk. 4. maí 1872, og verður það amtsráðsins hlutverk að koma ábyrgð fyrir þetta fram á hendur sýslunefndinni eða hinum einstöku sýslunefndarmönnum.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um byggingu 2 þjóðjarða. 160
26. júl. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 12. p. m., fellst jeg á.

- 1, að jörð Munkapverárklosturs Grashóll í Þingeyjarsýslu verði byggð húsalaus hinum núverandi ábúanda hennar fyrir 50 álna landsskuld; og
- 2, að jörð Möðruvallaklosturs Björg verði byggð hinum núverandi ábúanda á Möðru-

160 26. júl. völlum fyrir 100 álna landsskuld og 40 álna kúgildaleigur; þannig að ábúandinn sje skyldur, þegar ábúðin er úti, að afhenda í leigufæru standi meðal annars hús þau, er jörðunni fylgja, og að hann hið allra fyrsta komi upp gripheldri girðingu kring um tún jarðarinnar og síðan haldi henni tilhlýðilega við.

161 — Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um 26. júl. búnaðarskólann á Hólum. — Með brjefi 12. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um 300 kr. styrk til búnaðarskólans á Hólum af fje því, sem með fjárlögnum er veitt þ. á. til eflingar búnaði samkvæmt tilögum amtsráðsins. Jafnframt hafið þjer getið þess, að af brjefi sýslumannsins, er bænarskránni fylgdi, sjáist, að sýslunefndin ætli styrk þennan einkum til að veita af honum 50 kr. hverjum námspilti, er á búnaðarskólann gengur, en hver þeirra á að gefa 100 kr. með sjer þar á ári; gjörir áminnzt brjef sýslumannsins ráð fyrir, að nemendur verði að eins 4 þetta ár. Hefir amtsráðið álitid, að fjárstyrkur sá, er veittur yrði þannig af landsjóði, ætti eigi að nema meiru en helmingi af því, sem varið verður alls til styrks nemendum, og hefir því lagt það til, að veittur verði í þessu skyni 100 kr. styrkur.

Þessari tillögu amtsráðsins er jeg samþykkur og veiti því Skagafjarðarsýslu 100 kr. styrk af nefndu fje til umgetins búnaðarskóla.

Þetta tjái jeg yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

162 26. júl. — Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um umliðun á þjóðjarðagjöldum. — Út af brjefi yðar, herra amtmaður, frá 13. þ. m., vil jeg tjá yður, að jeg finn ekkert verulegt við það að athuga, þó umboðsmaður Möðruvallaklausturs veiti sökum vorharðindanna hinum efnaminnstu landsetum á jörðum tjeðs umboðs umliðun á landsskuldum þeim, sem á fallnar eru í næstliðnum fardögum, þangað til í næstkomandi haustkaupitid eða fjártökutid. Þar á móti sje jeg mjer ekki fært að veita almennan frest með að borga hinar áföllnu landsskuldir og, verður að gjöra út um það sjerstaklega fyrir hvern einstakan landseta, hvort dráttur hans á að greiða landsskuld sína verði talinn honum til ábyrgðar eða ekki.

163 27. júl. Brjef landshöfðingja til *beggja amtmanna*¹ um landamerki þjóðjarða. — Í landamerkjalogum 17. marz þ. á. er svo fyrir mælt, að landeigandi hver sje skyldur til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, og að umsjónarmenn þeirra jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, hafi og sömu skyldu að gæta, að því er til slíkra jarða kemur. Fyrir því vil jeg nú skora á yður, herra amtmaður, að því er kemur til umdæma þeirra, er yður er fyrir trúað, að þjer leggið fyrir umboðsmenn landssjóðsjarða og annara jarða í umdæmi yðar, sem eigi eru einstakra manna eign, en tilheyra sveitarfélögum, almennum sjóðum og öðrum stofnunum, — þó að frá skildum prestsetrum og kirkjujörðum, því um þær hefir stiptyfirvöldunum verið boðið að annast, svo sem nauðsyn til beri — að þjer gjöri ráðstafanir þær til framkvæmdar fyrirmælum tjeðra laga, er nauðsynlegar eru, samkvæmt þeim frekari reglum, sem í lögnum eru gefnar.

1) Sama dag var ritað stiptyfirvöldunum á sömu leið um landamerki prestsetra, kirkjujarða og þeirra bóndajarða, er kirkjur standa á eða sem prestmötu eiga að gjalda.